

## Svæði fyrir vélhjólaiþróttir

**Málsaðili** : Atli Már Guðnason  
**Tengiliður** :  
**Dagsetning** : 18.09.2020  
**Númer** : 2009035  
**Flokkur** :

**Efni** :

Á síðustu misserum hafa oft komið fram óskir um að finna vélhjólaiþróttum stað einhversstaðar ekki of langt frá þorpinu á Hellu. Iðkun vélhjólaksturs hefur færst í vöxt og þónokkuð er um slík hjól á Hellu en aðstaða er í rauninni engin. Það er því brýnt að finna þessari íþrótt stað þannig að stunda megi hana í sem bestri sátt við aðra íbúa og auðvitað til að efla íþróttina og auka öryggi. Vanur vélhjólamaður, Atli Már Guðnason á Lyngási, hefur verið í sambandi við sveitarfélagið síðasta árið og sýnt því áhuga að vera í forsvari fyrir þessa íþrótt á svæðinu og gangast fyrir því að íþróttaklúbbur verði stofnaður til að halda utan um þessa grein. Á fundum með Atla Má hafa nokkrir möguleikar til að koma upp æfingaaðstöðu verið skoðaðir en sá staður sem þykir best koma til greina - sem er í nágrenninu - er svæði sveitarfélagsins austan við s.k. Melaskóg. Þar er upb 25 ha svæði, lítt grónir melar að mestu sem mætti líta til í þessum tilgangi. Þarna eru reyndar tvö lítil beitarhólf og kartöflugarðar sem kanna þarf hvort passi með slíku starfi eða hvort þyrfti þá að finna því annan stað. Á þessu svæði mætti mögulega einnig koma fyrir afþreyingu eins og litabolta sem hefur verið staðsettur til prufu austan við Rangárbakka undanfarið ár. Verði þetta svæði skipulagt fyrir vélhjólaiþróttir þarf m.a. að huga að ásýnd og hljóðbærni og hvernig æfingabrautum væri best fyrir komið með tilliti til slíkra þátta. Líta má til æfingasvæða annars staðar á landinu s.s. á Höfn í Hornafirði, Selfossi, Þorlákshöfn, Sauðárkróki, Akureyri ofl stöðum sjá hér: <http://www.motocross.is/adh-hjola/brautir/> Ef skoðað er t.d. vel heppnað svæði á Höfn í Hornafirði þá er um að ræða þar ca 6 ha svæði í um 400 m fjarlægð frá næstu íbúðabyggð í bænum.

Til að vinna málið áfram mætti mögulega fá aðila eins og Eflu til að vinna grunnskipulag fyrir slíkt æfingasvæði í samráði við skiipulags- og byggingafulltrúa og forsvarsfólk íþróttarinnar á svæðinu.